


# ÍSLAND 2050

ELDRI ÞJÓÐ – NÝ VIÐFANGSEFNI



1950

2000

2050

APRÍL 2007

# ÍSLAND 2050

ELDRI ÞJÓÐ – NÝ VIÐFANGSEFNI



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



## NÝ VIÐFANGSEFNI

Miklar breytingar verða á íslensku þjóðinni á næstu áratugum. Árið 2050 stefnir í að tveir Íslendingar verði á vinnumarkaði fyrir hvern ellilífeyrisþega en í dag er hlutfallið fimm á móti einum. Við fyrstu sýn kann að virðast langsótt að velta fyrir sér samsetningu íbúa eftir rúma fjóra áratugi en staðreyndin er sú að þróunin er hafin og breytingarnar verða tilfinnanlegar eftir fáeina áratugi.

Á undanförnum árum hefur bæði fæðingar- og dánartíðni farið lækkandi í heiminum öllum og hefur eldra fólki fjölgað og hlutdeild þess í mannfjölda aukist. Hin háa hlutdeild aldraðra sem í stefni á sér ekki fordæmi í sögu mannkyns og mannfjöldaspár ganga út frá því að ævi fólks haldi enn áfram að lengjast næstu aldir.

Sú þróun sem er hafin mun færa þjóðum heims ný viðfangsefni og lausnirnar verða ekki alltaf auðveldar. Það á við á Íslandi sem annars staðar og stjórnámálemenn þurfa að hugsa til langs tíma og vera tilbúnir til þess að taka umdeildar ákvarðanir til að mæta þeim áskorunum sem bíða okkar. Því fyrr sem ýmsum vanda af þessum sökum er mætt þeim mun viðráðanlegri verður hann. Úrlausnarefnin sem tengjast hækkandi meðalaldri eru þess eðlis að ekki nægir að hugsa til skamms tíma. Huga verður að þróun næstu áratuga og markmið aðgerða og mat á árangri verða að taka mið af því. Spurningar vakna um hvernig velferðarkerfi samrýmist fjölgun aldraðra og hlutfallslegri fækkun starfandi fólks og hvernig unnt sé að viðhalda öflugum vinnumarkaði?

Í samhengi við langtímaspá Sameinuðu þjóðanna um íbúafjölda heimsins eru næstu 40 ár rétt handan við hornið. Sameinuðu þjóðirnar hafa til að mynda spáð því að árið 2100 verði meðalævi fólks í heiminum 83 ár, árið 2200 90 ár og árið 2300 95 ár. Meðalævi í þróuðustu ríkjum verði mun lengri á hverjum tíma en annars staðar eða 6-7 árum þannig að hún verði 89 ár árið 2100, 96 ár árið 2200 og 101 ár árið 2300!

Þetta rit er framlag til umræðu um framtíð lands og þjóðar. Í ritinu er staða Íslands sett í samhengi við þróun mála á heimsvísu og settar fram spár SA um mannfjöldapróun á Íslandi og um fjölda fólks á vinnumarkaði fram til ársins 2050. Bent er á þær áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir og þau viðfangsefni sem þarf að leysa.

Ritið kemur út í kjölfar tveggja rita SA sem komu út á síðasta ári þar sem fjallað var um framtíðarþróun íslenska lífeyriskerfisins og þær áskoranir sem íslenska heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir. Það er von Samtaka atvinnulífsins að umfjöllunin, sem hér fylgir á eftir og fjallar um breytta aldursmálagæmsu þjóðarinnar, muni auðga umræðuna og verða til þess að stjórnámálemenn, jafnt sem aðrir, hugi að því sem bíður okkar í náinni framtíð og bregðist við í tíma til að hér geti þrífist áfram lífvænlegt þjóðfélag með kraftmiklu atvinnulífi sem tryggir undirstöður velferðar íbúa landsins.

Reykjavík í apríl 2007

Hannes G. Sigurðsson



# Efnisyfirlit

<b>1. Samantekt: Hvert stefnum við?</b>	<b>7</b>
<b>2. Hækkandi meðalaldur – þróun og horfur</b>	<b>8</b>
<b>3. Jarðarbúar árið 2050</b>	<b>10</b>
3.1 Íbúafjöldi jarðarinnar 2050	10
3.2 Íbúafjöldi jarðarinnar 2100-2300	11
3.3 Hækkandi meðalaldur	12
3.4 Minnkandi frjósemi	12
3.5 Auknar ævilíkur	13
3.6 Tveir á móti einum í þróuðum ríkjum – fjórir á móti einum á jörðinni	14
<b>4. Ísland árið 2050</b>	<b>15</b>
4.1 Mannfjöldaspá SP fyrir Ísland árið 2050	15
4.2 Mannfjöldaspá SA fyrir Ísland árið 2050	16
4.3 Gerbreytt aldurssamsetning 2050	16
4.4 Frjósemi	17
4.5 Ævilíkur og dánartíðni	18
4.6 Aðfluttir umfram brottflutta	19
<b>5. Ný viðfangsefni vegna hækkandi meðalaldurs</b>	<b>20</b>
5.1 Vinnumarkaður	20
5.2 Hagvöxtur og framleiðni	21
5.3 Opinber fjármál	21
5.4 Heilbrigðismál	22
5.5 Félagsmál	23
5.6 Málefni innflytjenda	24
5.7 Lífeyrismál	24
5.8 Starfsmannamál fyrirtækja	25
5.9 Menntakerfið	26



# 1. Samantekt: Hvert stefnum við?

---

Á næstu áratugum mun eldra fólk á Íslandi fjölga verulega líkt og hjá öllum öðrum þjóðum heims. Betri lífskjör, færri barnsfæðingar, betra heilsufar og framfarir í læknisfræði hafa breytt aldursamsetningu þjóða og það kallar á ný viðfangsefni stjórnvalda um heim allan, nýja hugsun og nýja nálgun. Fjölgun aldraðra mun reynast mörgum þjóðum erfið og hún mun reyna mjög á innviði velferðarríkisins. Óhjákvæmilegt virðist að greiðsluþátttaka notenda heilbrigðisþjónustu verði mun meiri en menn hafa vanist undanfarna áratugi.

Hlutfallsleg fjölgun aldraðra, og að sama skapi fækkun fólks á vinnualdri og barna, mun takmarka hagvöxt og draga úr lífskjarabata, skapa þrýsting á hækkandi skattbyrði og valda viðvarandi vinnuafllsskortri.

Jarðarbúar verða 9 milljarðar um miðja þessa öld og fjölgar um 2,5 milljarða frá því sem nú er samkvæmt meðalspá Sameinuðu þjóðanna (Sp). Asíubúum mun fjölga mest, um 1.200 milljónir og fjöldi Afrikubúa mun tvöfaldast og nema um tveimur milljörðum. Íbúum Evrópu mun í heildina fækka en Íslendingum mun fjölga samkvæmt mannfjöldaspá SA, og verða um 400 þúsund árið 2050. Tæplega helmingur fjölgunar íbúa jarðarinnar fram til 2050 mun stafa af fjölgun 65 ára og eldri en börnum yngri en 15 ára mun fækka. Fjöldi jarðarbúa 100 ára og eldri mun fimmtánfaldast.

Aldursamsetning íslensku þjóðarinnar árið 2050 verður mjög frábrugðin því sem nú er samkvæmt spá SA. Einstaklingar á eftirlaunaaldri, 65 ára og eldri, verða 27% íbúanna í stað 12% nú og munu telja 109 þúsund manns. Fjöldi Íslendinga 80 ára og eldri mun fimmfaldast fram til 2050, úr 9 þúsund í 45 þúsund.

Gert er ráð fyrir því að ævi fólks haldi áfram að lengjast og árið 2050 verði ævilíkur karla við fæðingu 86,5 ár og kvenna tæp 90 ár. Lenging meðalævi verði þannig 7,5 ár hjá körlum og 7 ár hjá konum. Útlit er fyrir að það tímabil sem fólk nýtur lífeyris lengist um tæp 30%. Afar brýnt er að allar hindranir fyrir atvinnuþátttöku eldri starfsmanna verði fjarlægðar og atvinnulífið leitist við að sníða störf að þörfum þeirra sem eldri eru. Hækkun eftirlaunaaldurs er stjórnvaldsákvörðun sem hlýtur að koma til álita. Almennt búa þeir sem eru 65-70 ára við mun betri heilsu en áður og sú þróun mun halda áfram.

Hagvöxtur á sér stað með fjölgun starfsmanna og auknum afköstum. Íslendingum á vinnu- markaði mun fjölga tiltölulega hægt á komandi árum og mun fjölgunin stöðvast eftir u.þ.b. tvo áratugi. Því verður vinnuframlag erlends starfsfólks ein meginforsenda hagvaxtar. Sífellt mikilvægara verður að stuðla að aukinni skilvirkni og framleiðni. Hægur vöxtur vinnu- afls kallar ekki aðeins á lengri starfsævi, heldur þarf einnig að fá yngra fólk fyrr inn á vinnu- markaðinn. Aukin samþjöppun náms í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum gæti stuðlað að því. SA hafa lagt til að nemendur hefji nám einu ári fyrr í framhaldsskóla og tveimur árum fyrr á háskólastigi.

Ekki er unnt að ganga út frá því sem vísu að auknar byrðar vegna fjölgunar aldraðra verði lagðar á vinnandi fólk með síhækkandi sköttum. Það gengur ekki upp því ungt fólk á vinnu- markaði þarf að hafa hvatningu til að sækja sér menntun og fá umbun fyrir það, geta eignast eigið húsnæði, eignast og framfært börn og eygja möguleika á betri kjörum með því að skipta um starf. Háir skattar á atvinnutekjur samræmast ekki þeirri framtíðarmynd.



## 2. Hækkandi meðalaldur – þróun og horfur

Á næstu áratugum mun eldra fólki á Íslandi fjölga verulega líkt og hjá öllum öðrum þjóðum heims. Betri lífskjör, færri barnsfæðingar, betra heilsufar og framfarir í læknisfræði hækka meðalævi og breyta aldurssamsetningu þjóða og það kallar á ný viðfangsefni stjórnvalda um allan heim, nýja hugsun og nýja nálgun. Fjölgun aldraðra mun reynast mörgum þjóðum erfið og hún mun reyna á innviði velferðarríkisins. Sú þróun sem við blasir, með tilheyrandi viðfangsefnum, á sér ekki hliðstæðu í sögu mannkyns

Tiltölulega mikil frjósemi á Íslandi felur í sér að við þurfum ekki að takast á við jafn mikinn vanda og mörg önnur Evrópuríki. Vandinn er þó mikill en kemur nokkru síðar fram af fullum þunga. Sú þróun sem Íslendingar standa frammi fyrir á næstu áratugum skapar fjölda krefjandi viðfangsefna þegar fram líða stundir. Þróunin kallar á breyttan hugsunarhátt og aukna hagkvæmni en einnig áherslur á jöfn tækifæri og félagslegar lausnir. Þær ákvarðanir sem teknar verða á komandi árum, og ætlað er að standa til lengri tíma, þurfa að taka mið af lýðfræðilegri þróun, þ.e. breytingum í aldurssamsetningu þjóðarinnar. Þessi úrlausnarefni snerta öll mikilvægustu viðfangsefni stjórn mála og aðila á vinnumarkaði. Hlutfallsleg fjölgun aldraðra, og fækkun fólks á vinnualdri og barna, mun takmarka hagvöxt og draga úr lífskjörabata, skapa þrýsting á hækkandi skattbyrði, valda viðvarandi vinnuafsskortri, þrýsta á aukna atvinnuþátttöku eldra starfsfólks, stuðla að jöfnum tækifærum kynja á vinnumarkaði, knýja á um breyttar aðferðir við fjármögnun heilbrigðis-útgjalda og krefjast aukinnar skilvirkni í menntakerfinu.

Breytt aldurssamsetning og fjölgun aldraðra mun hafa mikil áhrif á nánast öll svið samfélagsins og spannar svo ólík svið sem rekstur fyrirtækja, borgarskipulag, hönnun íbúðarhúsnæðis, almenningsamgöngur og hegðun kjósenda.

Viðfangsefnin sem Íslendingar og aðrar þjóðir standa frammi fyrir ná einkum yfir fimm svið:


- Að stuðla að því að fæðingartíðni haldist það há að þjóðinni fækki ekki,
- að stuðla að mikilli og aukinni atvinnuþátttöku, einkum eldri starfsmanna,
- að stuðla að auknum afköstum og meiri sveigjanleika á vinnumarkaði,
- að taka vel á móti innflytjendum og stuðla að aðlögun þeirra að samfélaginu og
- að stuðla að því að opinber fjármál verði sjálfbær og koma í veg fyrir vitahring skattahækkana og kerfisbundinn hallarekstur.

Pólítískar ákvarðanir sem teknar eru á þessum sviðum verða að taka mið af þeirri framtíðarmynd sem við blasir. Þær lausnir sem best eru til þess fallnar að mæta vandanum eru ekki óumdeildar. Það sem við blasir er langtímavandi og breytingar sem gerðar eru til að mæta honum þurfa að standa lengi yfir og hafa fyrst áhrif eftir langan tíma. Því fyrir sem vandanum er mætt þeim mun viðráðanlegri verður hann. Úrlausnarefnin sem tengjast hækkandi meðalaldri eru þess eðlis að ekki dugar að hugsa í fjögurra ára kjörtímabilum. Huga verður að þróun næstu áratuga og markmið aðgerða og mat á árangri verða að taka mið af því.


Eldra fólk verður smám saman sífellt stærri hluti kjósenda og áherslumál sem þeim tengjast fá aukið vægi. Eldra fólk mun gera vaxandi kröfur og ekki sætta sig við það sem nú er almennt í boði. Engar líkur eru á því að unnt verði að mæta öllum kröfum til heilbrigðis- og umönnunarúrræða sem að mestu byggja á opinberri fjármögnun. Hætta myndast því á hagsmunarékkstri milli kynslóða því ólíklegt verður að teljast að þeir sem eru virkir á vinnumarkaði muni sætta sig við sívaxandi skattbyrði vegna hækkandi meðalaldurs.

# Íslendingar eru að eldast


## Mannfjöldapíramídi á Íslandi 1950



## Mannfjöldapíramídi árið 2005



## Mannfjöldapíramídi árið 2050



## 3. Jarðarbúar árið 2050

### 3.1 Íbúafjöldi jarðarinnar 2050

Jarðarbúar verða 9 milljarðar um miðja þessa öld og fjölgar um 2,5 milljarða frá því sem nú er, samkvæmt meðalspá Sameinuðu þjóðanna (SP). Árið 1950 voru íbúar jarðarinnar 2,5 milljarðar þannig að fjölgunin fram til 2050 verður jöfn íbúafjölda heimsins árið 1950. Um þessar mundir er íbúafjöldi jarðarinnar 6,7 milljarðar og samkvæmt spá SP nær hann hámarki í kringum 9 milljarða en fer síðan minnkandi eftir árið 2100. Fjölgun íbúa verður alfarið á minna þróuðum svæðum jarðarinnar þar sem áætlað er að íbúum fjölgi úr 5,4 milljörðum nú í 7,9 milljarða árið 2050. Íbúafjöldi í þróuðum ríkjum mun hins vegar standa í stað þrátt fyrir aðflutning íbúa frá öðrum svæðum.<sup>1</sup>


#### Íbúafjöldi jarðarinnar, eftir þróunarstigi og heimsálfum 2007 og 2050

	Íbúafjöldi, milljónir			Hlutfallsleg skipting	
	2007	2050	Breyting	2007	2050
Jarðarbúar alls	6.671	9.191	2.520	100%	100%
Þróuð svæði	1.223	1.245	22	22%	16%
Minna þróuð svæði	5.448	7.946	2.498	78%	84%
Afríka	965	1.998	1.033	14%	22%
Asía	4.030	5.266	1.236	60%	57%
Evrópa	731	664	-67	11%	7%
Suður Ameríka	572	769	197	9%	8%
Norður Ameríka	339	445	106	5%	5%
Eyjaálfa	34	49	14	0,5%	0,5%

Mest fjölgun verður í Asíu sem standa mun að baki helmingi íbúafjölgunarinnar en þó mun hlutdeild Asíubúa minnka úr 60% í 57% af jarðarbúum. Fjöldi Afríkubúa tvöfaldast og verður tveir milljarðar, eða sem nemur 22% jarðarbúa samanborið við 14% nú. Íbúum Evrópu mun fækka og minnkar hlutdeild þeirra úr 11% í 7%. Íbúum N-Ameríku mun fjölga en hlutdeild þeirra mun standa óbreytt í 5%.


Framangreind spá er meðalspá en ein meginforsenda hennar er að fæðingartíðni fari lækkandi í minna þróuðum ríkjum og er gengið út frá því að börnum á hverja konu fækki úr 4,6 í 2,5 í 50 vanþróuðustu ríkjunum en úr 2,75 í 2,05 í heild. Stofnunin gerir einnig lágsþá og háspá fyrir árið 2050, með öðrum forsendum um fæðingar- og dánartíðni, og er niðurstaða þeirra 7,8 milljarðar íbúa annars vegar og 10,8 milljarðar hins vegar.

<sup>1</sup> Minna þróuð svæði eru skilgreind sem öll ríki Afríku, Asíu (nema Japan), Suður- og Mið-Ameríku og Eyjaálfu (nema Ástralía og Nýja-Sjáland). Þróuð svæði taka til allra annarra ríkja, þ. á m. Evrópuríkja, Norður-Ameríku, Japans, Ástralíu og Nýja-Sjálands.



### 3.2 Íbúafjöldi jarðarinnar 2100-2300

Samkvæmt meðalþá SP mun íbúafjöldi jarðarinnar ná hámarki upp úr miðri þessari öld og verða tiltölulega stöðugur í kringum 9 milljarða næstu aldir. Þessi niðurstaða er einkum byggð á þeirri forsendu að fæðingartíðni muni smám saman leita í átt að 2,1 barni á hverja konu í öllum ríkjum jarðarinnar. Fæðingartíðni mun lækka í ríkjum með háa tíðni og hækka í þeim sem eru með lága tíðni. Gengið er út frá því að lægri fæðingartíðni en 2,1 barn á konu vari ekki lengur en 100 ár í neinu ríki. Gert er ráð fyrir því að ævilíkur við fæðingu fari vaxandi næstu aldir, en að það hægi á vextinum eftir því sem tímar líða. Þannig er því spáð að árið 2050 verði meðalævilíkur við fæðingu 75 ár í heiminum öllum, eftir að hafa lengst um 10 ár frá árinu 2000 og um 20 ár milli 1950 og 2000. Árið 2100 verði meðalævi 83 ár, árið 2200 90 ár og árið 2300 95 ár. Meðalævi í þróuðustu ríkjum verði mun lengri á hverjum tíma en annars staðar eða 6-7 árum þannig að hún verði 89 ár árið 2100, 96 ár árið 2200 og 101 ár árið 2300.



### 3.3 Hækkandi meðalaldur

Á undanförunum árum hefur bæði fæðingar- og dánartíðni farið lækkandi í á jörðinni. Þessi þróun felur í sér fjölgun eldra fólks, og aukna hlutdeild þess í mannfjöldanum, sem á sér ekki fordæmi í sögu mannkynsins. Mannfjöldaspár ganga út frá því að meðalaldur fari hækkandi næstu aldir.

Tæplega helmingur fjölgunar íbúa jarðarinnar fram til 2050 mun stafa af fjölgun 65 ára og eldri, en börnum yngri en 15 ára mun fækka. Árið 2050 verða 16% íbúa jarðarinnar 65 ára og eldri og fjórðungur íbúa (26%) í þróuðustu ríkjunum.

Þeir sem komnir eru á efri ár verða sífellt eldri. Hraðasti vöxturinn er hjá hópnum sem er áttæður og eldri. Í þróuðum ríkjum er hlutdeild þessa aldurshóps nú 24% í hópnum sem er 65 ára og eldri, en verður 36% árið 2050. Fjöldi 100 ára og eldri jarðarbúa mun fimmtánfaldast frá því sem nú er.

Áhrif hækkandi meðalaldurs kemur skýrt fram í framfærsluhlutfalli aldraðra<sup>2</sup>, sem er skilgreint sem hlutfallið milli fólks á vinnualdri annars vegar og aldraðra hins vegar, og er notað sem mælikvarði á þá byrði sem leggst á vinnumarkaðinn af völdum öldrunar. Framfærsluhlutfallið á heimsvísu lækkar úr 9 árið 2005 í 4 árið 2050. Í þróuðustu ríkjunum mun fjöldi þeirra sem eru eldri en 65 ára næstum tvöfaldast en þeim sem yngri eru mun fækka umtalsvert. Hlutfallið milli fólks á vinnualdri og aldraðra í þróuðustu ríkjunum lækkar úr rúmlega 4 árið 2005 í 2 árið 2050.

Efnahagsleg og félagsleg áhrif fjölgunar aldraðra fá nú vaxandi rými í rannsóknum og opinberri umræðu. Hraðinn í breytingum samsetningar mannfjöldans er meiri í þróuðum ríkjum en minna þróuðum. Þróuðu ríkin hafa því minni tíma en þau minna þróuðu til þess að aðlagast breytingum af völdum hækkandi meðalaldurs.


### 3.4 Minnkandi frjósemi

Meginskýringin á hækkandi meðalaldri er minnkandi frjósemi. Síðustu 50 árin hefur frjósemi, þ.e. fædd börn á hverja konu á barneignaraldri, minnkað á heimsvísu úr 5,0 börnum í 2,7. Á næstu hálfu öldinni spáir SP því að frjósemin minnki í hlutfallið 2,1 sem er það hlutfall sem þarf til að halda íbúafjölda óbreyttum.

Í þróuðum ríkjunum hefur frjósemin farið stöðugt minnkandi og lækkaði úr 2,8 börnum um miðja síðustu öld í 1,5 á síðustu árum. Frjósemin er minni en 2,1 í nánast öllum þróuðum ríkjum um þessar mundir og í mörgum þeirra er hún nálægt einu barni á hverja konu á barneignaraldri.

<sup>2</sup> e. *old age dependency ratio*, framfærsluhlutfall aldraðra, er skilgreint sem hlutfallið milli fjölda íbúa á aldrinum 15-64 ára og þeirra sem eru 65 ára og eldri.

Frjósemi kvenna 1950-2005  
og spá SP til 2050




Á síðustu áratugum hefur frjósemi einnig minnkað mikið á minna þróuðum svæðum. Frjósemi minnkaði þar um meira en helming að meðaltali frá miðri síðustu öld, eða úr 6,2 börnum á hverja konu á barneignaraldri í 2,9 á árabílinu 2000-2005. Frjósemin er þó mjög mismunandi eftir svæðum og er enn 5-6 börn víðast hvar í Afríku, en í kringum 2,5 í Suður-Asíu og Suður-Ameríku. Búist er við því að þessi munur jafnist á næstu áratugum.

### 3.5 Auknar ævilíkur

Lækkandi dánartíðni, einkum á efri árum, leikur einnig stórt hlutverk í hækkandi meðalaldri. Þetta er einkum veigamikill þáttur í þróuðum ríkjum, þar sem frjósemi hefur verið lítil um langt skeið. Hlutfallsleg fjölgun aldraðra í þessum ríkjum stafar einkum af lækkandi dánartíðni.


Meðalævilengd 1950-2005  
og spá SP til 2050



### 3.6 Tveir á móti einum í þróuðum ríkjum – fjórir á móti einum á jörðinni


Árið 1950 voru íbúar jarðarinnar á vinnualdri, 15-64 ára, 12 á móti hverjum einum á lífeyrisaldri, 65 ára og eldri. Þetta hlutfall er nú komið niður í 9 á móti einum. Árið 2050 verður hlutfallið orðið 4 á móti einum skv. spá SP.

Aldursskipting jarðarbúa 1950, 2005 og 2050



Árið 1950 voru íbúar á vinnualdri í þróuðum ríkjum 8 á móti hverjum einum á lífeyrisaldri, 65 ára og eldri. Þetta hlutfall er nú komið niður í 4,5 á móti einum. Árið 2050 verður hlutfallið orðið rúmlega tveir á móti einum skv. spá SP.


Aldursskipting íbúa þróaðra ríkja 1950, 2005 og 2050



## 4. Ísland árið 2050

### 4.1 Mannfjöldaspá SP fyrir Ísland árið 2050

Samkvæmt meðalspá SP verða íbúar á Íslandi 355 þúsund árið 2050. Í henni er gert ráð fyrir því að árleg fólksfjölgun fari stöðugt minnkandi á spátímabilinu. Þannig verði fólksfjölgunin aðeins 0,5% eftir áratug og þegar nær dregur miðri öldinni hætti íbúum landsins að fjölga. SP gefur einnig út hátt og lágt tilvik fyrir Ísland og í því hærra verða íbúar orðnir 412 þúsund árið 2050 en aðeins 305 þúsund í lægra tilvikinu.



Helstu forsendur í meðalspánni eru þær að frjósemi kvenna, þ.e. fjöldi barna á hverja konu á barneignaraldri, verði 2,05 næsta áratuginn en lækki í 1,85 eftir það og verði þannig út spátímabilið. Þá er gert ráð fyrir því að meðalævi lengist um 5 ár, þ.e. um eitt ár á hverjum áratug. Aðfluttir umfram brottflutta verða 900 árlega fram til 2010, síðan 600 árlega á tímabilinu 2011-2025 og 300 árlega eftir það. Stuðst er við sömu forsendur um meðalævi og búferlaflutninga í öllum þremur tilvikunum.

Í lága tilvikinu er gert ráð fyrir að frjósemi minnki hratt næsta áratuginn og verði 1,7 börn á hverja konu á barneignaraldri að meðaltali og staðnæmist við 1,35 börn eftir það og verði þannig út spátímabilið. Í háa tilvikinu er gert ráð fyrir að frjósemi aukist og verði 2,35 út spátímabilið.


Í spá SP er gert ráð fyrir því að sú þróun haldi áfram að konur eignist börn síðar á ævinni en áður. Þannig verði mæður undir tvítugu nánast úr sögunni, fæðingar hjá 20-24 ára helmingi fátíðari en nú og fæðingum hjá 25-29 ára fækki nokkuð, en á hinn bóginn muni fæðingartíðni hjá konum á fertugsaldri aukast nokkuð.

Í meðalspá SP verða Íslendingar tæplega 45 ára að meðaltali árið 2050 samanborið við 36 ára nú. Í lága tilvikinu verða þeir 51 árs að meðaltali en 39 ára í háa tilvikinu.



## 4.2 Mannfjöldaspá SA fyrir Ísland árið 2050

Mannfjöldaspá SP fyrir Ísland dregur upp nokkuð dökka mynd af íbúáþróuninni þar sem gert er ráð fyrir því að fæðingartíðni lækki hratt á næstu árum og verði umtalsvert lægri allt spátímabilið en þarf til þess að viðhalda óbreyttum íbúafjölda. Samtök atvinnulífsins hafa gert eigin spá sem gerir ráð fyrir því að Íslendingar verði um 400 þúsund árið 2050. Hlutfallsleg fólksfjölgun verði fyrst um sinn meiri en í Evrópuríkjum almennt en að smám saman dragi úr fjölgun. Niðurstaða spárinnar er að árleg fólksfjölgun verði að meðaltali 0,9% á næsta áratug, 0,7% á þriðja áratug aldarinnar, 0,5% á þeim fjórða og 0,3% um miðbik aldarinnar.




## 4.3 Gerbreytt aldurssamsetning 2050

Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar árið 2050 verður mjög frábrugðin því sem nú er samkvæmt spá SA. Einstaklingar á eftirlaunaaldri, 65 ára og eldri, verða 27% íbúanna í stað 12% nú og munu telja 109 þúsund manns. Einstaklingar á vinnualdri, 15-64 ára, verða 57% íbúa samanborið við 66% nú og munu þeir verða um 229 þúsund. Hlutfallið milli íbúa á vinnualdri og eftirlaunaaldri verður 2,1 samanborið við 5,7 nú. Sé miðað við 80% atvinnuþátttöku í hópnum sem er á vinnualdri verða 1,7 á vinnumarkaði fyrir hvern einn á eftirlaunaaldri.

Fjöldi og hlutdeild mjög aldraðra, þ.e. 80 ára og eldri, mun einnig aukast mikið. Þeir eru nú 3% íbúanna en verða orðnir 11% árið 2050 og fjölgar úr 9 þúsund í 45 þúsund (fimmfaldast). Nú eru ungmenni, 11-20 ára, fimm sinnum fleiri en þeir sem eru áttræðir og eldri en árið 2050 verða þessir aldurshópar orðnir jafn fjölmennir.

### Hlutfallsleg skipting Íslendinga eftir aldri 2050




#### 4.4 Frjósemi

Mannfjöldaspá SA gengur út frá því að fæðingartíðni lækki út spátímabilið en mun hægar en í meðalspá SP. Miðað við árið 2005 fæddust 2,03 börn á hverja konu á barneignaraldri og er gert ráð fyrir því að hlutfallið verði komið niður í 1,95 árið 2030 og 1,9 árið 2050. Þótt þetta sé tiltölulega bjartsýn forsenda miðað við spá SP, og þá þróun sem verið hefur í ríkjum á svipuðu þróunarstigi og Ísland, þá er þessi fæðingartíðni ekki nægileg til þess að íslenska þjóðin viðhaldi sér, en til þess þarf fjöldi barna á hverja konu á barneignaraldri að vera 2,1.

Gert er ráð fyrir því að nokkrar breytingar verði á aldri mæðra við barnsfæðingu í þá átt að konur eignist börn síðar á ævinni. Þannig mun mæðrum yngri en tvítugt fækka um rúmlega helming og mæðrum á bilinu 20-24 ára fækka um tæplega helming. Þá verður um fimmtungs fækkun mæðra í aldurshópnum 25-29 ára. Mæðrum nýfæddra barna mun hins vegar fjölga eftir þrítugt og verður algengasti barneignaraldurinn á bilinu 30-34 ár í stað 25-29 ár nú. Mesta fjölgunin í hópi mæðra nýfæddra barna verður eftir miðjan fertugsaldurinn.

Meðalaldur mæðra hefur farið stöðugt hækkandi síðustu áratugi og hefur hækkað um tæplega fjögur ár síðustu þrjú áratugi. Meðalaldur mæðra var tæp 29 ár árið 2005, 27 ár í byrjun síðasta áratugar, 26 ár í byrjun níunda áratugarins og rúm 25 ár í byrjun þess áttunda. Meðalaldur kvenna þegar þær eignast sitt fyrsta barn hefur hækkað meira eða um 4,4 ár á sama tíma og var 25,5 ár árið 2005 samanborið við 21,1 ár í byrjun áttunda áratugarins.

Fæðingartíðni á Íslandi eftir aldri kvenna  
Hlutfall kvenna á hverju aldursári sem eignast barn




#### 4.5 Ævilíkur og dánartíðni

Árið 2005 voru ævilíkur karla á Íslandi við fæðingu 78,9 ár og kvenna 82,8 ár. Gert er ráð fyrir því að ævin haldi áfram að lengjast allt tímabilið fram til 2050. Árið 2050 verði ævilíkur karla við fæðingu 86,5 ár og kvenna tæp 90 ár. Lenging meðalævi verði þannig 7,5 ár hjá körlum og 7 ár hjá konum.

Árið 2005 voru ævilíkur þeirra einstaklinga sem ná 65 ára aldri 81,8 ár hjá körlum og 84,6 ár hjá konum. Árið 2050 er því spáð að ævilíkurnar verði 87 ár hjá körlum og rúmlega 90 ár hjá konum. Fjölgun ára á ellilífeyrisaldri verði þannig 5,5 á tímabilinu 2005-2050 og sé miðað við að lífeyristaka hefjist að jafnaði við 65 ára aldur lengist lífeyristímabilið um tæp 30%.

Meðalævilíkur við fæðingu og 65 ára




#### 4.6 Aðfluttir umfram brottflutta

Gert er ráð fyrir því að íbúum á landinu fjölgi um 0,15% á ári allt tímabilið vegna þess að fleiri flytjist til landsins en frá því. Fyrirmynd forsendunnar er spá ESB um íbúabróun á Norðurlöndunum þremur sem eru í sambandinu, og er 0,15% hlutfallið meðaltal þeirra þriggja. Gengið er út frá því að jafnvægi verði milli aðfluttra og brottfluttra Íslendinga þannig að erlendir ríkisborgarar sjái fyrir allri fjölguninni. Þá er gert ráð fyrir að kynjahlutföll aðfluttra verði jöfn og að aldurssamsetning þeirra verði sú sama og á undanförunum árum, sem er mjög hagstætt, þar sem stærstur hluti innflytjenda til Íslands er tiltölulega ungt fólk sem á langan feril framundan á vinnumarkaði.

Gert er ráð fyrir því að stór hluti þess mikla fjölda erlendra starfsmanna sem flust hafa til landsins á síðustu tveimur árum í tengslum við mikil umsvif í byggingariðnaði flytjist af landi brott þannig að erlendum ríkisborgurum á landinu fækki á árinu 2007.

Samkvæmt spánni verður fjölgun erlendra ríkisborgara að jafnaði 500-600 ár hvert. Það hefur í för með sér að fjöldi íbúa af erlendum uppruna verður um 40 þúsund árið 2050 og hlutfall þeirra verði 10% af íbúafjöldanum.


Fjöldi íbúa af erlendum uppruna og hlutfall þeirra af mannfjölda  
1990-2050



## 5. Ný viðfangsefni vegna hækkandi meðalaldurs

### 5.1 Vinnumarkaður

Samkvæmt mannfjöldaspá SA mun vinnandi fólk á landinu fjölga um 1% árlega næsta áratuginn. Á þriðja áratug aldarinnar verður fjölgunin um 0,5% en eftir 2030 verður hún 0,1-0,2% árlega. Þessi spá byggir á því að atvinnuþátttaka verði áfram mikil og er byggt á meðaltali árána 2003-2006 í því efni. Þá er gert ráð fyrir því að aðfluttir umfram brottflutta verði 500-600 árlega, atvinnuþátttaka þeirra verði sú sama og hjá þeim sem fyrir eru og aldursrasmsetning þeirra verði hagstæð fyrir þjóðarþúið hér eftir sem hingað til.



Ef á hinn bóginn er gert ráð fyrir að jafnmargir flytjist til landsins og frá því, og að atvinnuþátttaka verði óbreytt, mun vinnuafli aukast um 0,7% árlega næsta áratuginn, um 0,2% á þriðja áratugnum og síðan tekur við stöðnun og síðan fækkun starfandi fólks.

Í ríkjum ESB mun fólki á vinnualdri fækka strax á næstu árum þegar fjölmennir árgangar kynslóðarinnar sem fæddist á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina hverfa af vinnumarkaði og hefja töku lífeyris. Samkvæmt spá Hagstofu ESB, sem miðuð var við 25 þáverandi ríki sambandsins, mun fólki á vinnualdri fara fækkandi eftir árið 2010 og fækka um 23 milljónir manna fram til ársins 2030 eða um rúmlega 7%. Gert er ráð fyrir að aukin atvinnuþátttaka, bæði kvenna og þeirra sem komnir eru nálægt lífeyristökualdri, muni vega á móti þessari mannfjöldaþróun. Aukin atvinnuþátttaka mun þó ekki leysa allan vanda vegna breyttrar samsetningar mannfjölda heldur einungis draga tímabundið úr honum.

Markmið ESB er að atvinnuþátttaka fólks á vinnualdri verði 70% en hún var 63% í heild í núverandi 27 ríkjum sambandsins árið 2005. Á Íslandi hefur atvinnuþátttaka verið meiri en meðal annarra þjóða, eða yfir 80% undanfarin ár. Ekki virðist því mikið svigrúm til að auka það frekar. Það á þó að vera unnt að auka atvinnuþátttöku eldra fólks með því að draga úr tekjutengingu milli lífeyris og atvinnutekna. Einnig er unnt að auka atvinnuþátttöku öryrkja með breyttri skilgreiningu á réttindum til örorkulífeyris, en atvinnuþátttaka örorkulífeyrisþega er mjög lítil hér á landi í alþjóðlegum samanburði.

Mikilvægt er að hafa í huga að mikil hættu er á að það dragi verulega úr atvinnuþátttöku þeirra sem komnir eru yfir sextugt hér á landi á næstu áratugum vegna aukinna réttinda í lífeyrissjóðum og mikils lífeyrissparnaðar í séreign sem gefur fólki færi á því að hverfa snemma af vinnumarkaði. Í því ljósi er afar brýnt að allar hindranir fyrir atvinnuþátttöku eldri starfsmanna verði fjarlægðar og atvinnulífið leitist við að sníða störf að þörfum þeirra sem eldri eru.

Hækkandi meðalaldur á vinnumarkaði þarf ekki að leiða til minni afkasta eða nýsköpunar. Minnkandi þróttur og hnignandi geta á sér ekki stað fyrr en löngu eftir að hefðbundnum lífeyristökualdri er náð og er auk þess hægfara og mjög einstaklingsbundinn. Slíkir þættir eiga ekki að draga úr þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði.

Hækkun eftirlaunaaldurs er stjórnvaldsákvörðun sem hlýtur að koma til álita. Almennt búa þeir sem eru 65-70 ára við mun betri heilsu en áður og sú þróun mun halda áfram. Þá hlýtur einnig að þurfa að draga úr þeirri hvatningu sem er fyrir hendi til að hefja snemma töku lífeyris.

## 5.2 Hagvöxtur og framleiðni

Hagvöxtur á sér stað með fjölgun starfsmanna og auknum afköstum. Íslendingum á vinnumarkaði mun fjölga tiltölulega hægt á komandi árum og mun fjölgunin stöðvast eftir u.þ.b. tvo áratugi. Því verður vinnuframlag erlends starfsfólks ein meginforsenda hagvaxtar. Sífellt mikilvægara verður að stuðla að aukinni skilvirkni og framleiðni.

Með almennum aðgerðum er unnt að stuðla að aukinni framleiðni fyrirtækja með stækkun markaða og aukinni samkeppni í atvinnulífinu. Mikilvægt er að stuðla að aukinni nýsköpun og rannsóknum og nánum tengslum atvinnulífs og skóla. Fjölga verður þeim sviðum sem lúta lögmálum markaðar, þ.m.t. ýmissi starfsemi sem nú er rekin á vegum opinberra aðila og hvetja til fjölbreyttra rekstrarforma. Þá verður að gæta hófs í reglubyrði á atvinnulífið til þess að tryggja samkeppnishæfni þess.

Hæg fjölgun fólks á vinnumarkaði mun krefjast aukinnar skilvirkni og stöðugt vaxandi framleiðni. Sveigjanlegur vinnumarkaður gegnir lykilhlutverki í því efni. Mikilvægt er að viðhalda og styrkja þá eiginleika vinnumarkaðarins að fólk sé tilbúið til þess að skipta um störf og mennta sig á lífsleiðinni og að fyrirtæki séu óhrædd við að ráða fólk og reyna nýja starfsmenn. Sveigjanleiki og aðlögunarhæfni verða sífellt mikilvægari á komandi árum þar sem aukin afköst og framleiðni eru forsendur þess að hægt vaxandi vinnuafli geti staðið undir sívaxandi verkefnum í atvinnulífinu.

## 5.3 Opinber fjármál

Stefnan í opinberum fjármálum þarf í auknum mæli að taka mið af því að skattgreiðendum með atvinnutekjur fer hlutfallslega fækkandi á komandi árum og áratugum. Ekki er unnt að ganga út frá því sem vísu að auknar byrðar vegna fjölgunar aldraðra verði lagðar á vinnandi fólk með síhækkandi sköttum. Það gengur ekki upp því ungt fólk á vinnumarkaði þarf að hafa hvatningu til að sækja sér menntun og fá umbun fyrir það, geta eignast eigið húsnæði, eignast og framfært börn og eygja möguleika á betri kjörum með því að skipta um starf. Háir skattar á atvinnutekjur samræmast ekki þeirri mynd.


Í ESB er gert ráð fyrir því að opinber útgjöld vegna öldrunar muni vaxa fram til ársins 2050 um 3-4% af landsframleiðslu eða sem nemur 10% af opinberum útgjöldum. Útgjaldafrækustu málaflokkarnir eru ellilífeyrir, heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta fyrir aldraða. Ef aukin útgjöld leiða til halla á rekstri hins opinbera mun skuldasöfnunin verða að endalausum vítahring og veikja undirstöður hagvaxtar og sameiginlegs gjaldmiðils. Af þessum ástæðum er talið nauðsynlegt að gera skipulagsbreytingar á fjármögnun þessara útgjaldaþátta þannig að hver kynslóð sjái um að jafnvægi ríki milli gjalda og tekna. Nauðsynlegt er talið að færa ábyrgðina í auknum mæli frá hinu opinbera til einstaklinganna sjálfra.

Fjölgun aldraðra og hlutfallsleg fækkun barna og ungmenna mun hafa áhrif á skiptingu tekna og gjalda ríkis og sveitarfélaga miðað við núverandi verkaskiptingu þeirra. Þeir málaflokkar sem ríkið hefur á sinni hendi, heilbrigðiskerfið og lífeyriskerfið að hluta, munu taka til sín aukna fjármuni, en sá hluti skólakerfisins sem er á hendi sveitarfélaga mun krefjast minni fjármuna.

Heilsufar þeirra eldri skiptir miklu máli um útgjöld til heilbrigðisþjónustu, einkum á þeim árum sem bætast munu við ævina á komandi áratugum. Aukin áhersla á forvarnir og sérsniðin heilbrigðisþjónusta við aldraða er talin geta dregið verulega úr útgjöldum.

## 5.4 Heilbrigðismál

Í skýrslu OECD um útgjöld til heilbrigðismála og langtíma umönnunar<sup>3</sup> er fjallað um kostnað hins opinbera vegna þessa málaflokks og sett fram spá um þróunina til ársins 2050. Á árinu 2005 námu slík útgjöld að meðaltali 6,7% af vergri landsframleiðslu (VLF) í OECD-ríkjunum. Talsverður munur er á útgjöldum einstakra þjóða. eru útgjöld hlutfallslega hæst í Noregi eða 9,9% af VLF, en Ísland fylgir fast á eftir í öðru sæti með 9,6% af VLF.



Í skýrslunni er því spáð að verði ekkert að gert, og þróunin haldi áfram eins og verið hefur, muni opinber útgjöld OECD-ríkjanna til heilbrigðismála og umönnunar verða komin í 12,8% af vergri landframleiðslu árið 2050. Árleg útgjöld verði hlutfallslega mest á Íslandi eða 15,2% af VLF og 15% í Noregi.

Í skýrslunni er einnig leitast við að meta hver áhrifin yrðu ef stjórnvöld grípu til tiltækra ráða til að halda útgjöldunum í skefjum. Niðurstaðan um þetta efni er sú að því er spáð að útgjöld til heilbrigðis- og umönnunarmála hækki úr 6,7% af VLF að meðaltali í OECD-ríkjunum í 10% um miðja öldina. Eftir sem áður er niðurstaðan sú að vægi þessara útgjalda verði hlutfallslega mest í Noregi (12,4%) og á Íslandi (12,3%). Hér á landi samsvarar þetta um 28 milljarða króna aukningu útgjalda miðað við eitt ár.

Leiðir til þess að halda kostnaði í skefjum felast m.a. í fyrirbyggjandi heilsuvernd, aukinni fræðslu og sjúkdómsgreiningum snemma í sjúkdómsferli. Þá eru vonir bundnar við að nýjar meðferðir og lyf gegn helstu sjúkdómum sem herja á aldraða, svo sem krabbameinum, minnissjúkdómum á borð við Alzheimer og Parkinsonveiki, muni geta dregið úr langvinnri stofnanavistun. Framfarir í lækna- og lyfjavisindum ættu þannig að geta dregið úr kostnaði þótt meðferðirnar sem slíkar verði sífellt kostnaðarsamari.

Sú gríðarlega fjölgun aldraðra sem fyrirsjáanleg er á næstu áratugum kallar óhjákvæmilega á nýjan hugsunarhátt og breytta stefnu hjá stjórnvöldum, heilbrigðisstarfsfólki og sjúklingum. Ekki á lengur við hefðbundið velferðarlíkan sem varð til þegar samsetning mannfjöldans var í lögum eins og píramídi og eftirlaunaþegar voru á tiltölulega lágum lífeyri sem greiddur var af sköttum þeirra sem voru á vinnumarkaði. Nú stefnir í að fjölmennustu árgangur mannfjöldans verði fólk á lífeyrisaldri, og vel fjáð að auki. Óhjákvæmilegt er að greiðsluþátttaka notenda heilbrigðisþjónustu verði mun meiri en menn hafa vanist undanfarna áratugi.

## 5.5 Félagsmál

Í mörgum ríkjum Evrópu er frjósemi komin langt niður fyrir það stig sem viðheldur viðkomandi þjóðum og er sums staðar nálægt einu barni að meðaltali á konur á barnsburðaraldri. Ástæða þessarar þróunar er einkum talin sú að margar konur eigi erfitt með að samræma atvinnu og fjölskyldulíf. Í mörgum tilfellum nái ungar konur ekki ásættanlegu jafnvægi milli frama í atvinnulífi og þess að eignast og ala upp börn. Þá er einnig nefnt til sögunnar að ábyrgð kvenna á fertugsaldri á öldruðum foreldrum geti haft áhrif á vilja þeirra til þess að eignast fleiri börn.

Þær aðgerðir sem helst eru til þess fallnar að auka frjósemi eru einkum ferns konar. Í fyrsta lagi að sömu tækifæri bjóðist öllum, óháð því hvort þeir eru foreldrar eða barnlausir. Í öðru lagi að bjóða öllum foreldrum upp á góða og samfellda dagvistun og skóla fyrir börn sín. Í þriðja lagi að fyrir hendi sé öflugt sí- og endurmenntunarkerfi og í fjórða lagi að gott jafnvægi ríki milli atvinnu og fjölskyldulífs.

Hækkandi aldur frumbyrja, þ.e. kvenna sem eignast fyrsta barn sitt, endurspeglar að einhverju leyti óvissu og óöryggi foreldra, og þó að líkindum einkum kvenna, um framtíðarhorfur og starfsframa sem foreldrar ungra barna. Forsenda þess að frjósemi verði ásættanleg er því að komið sé til móts við þarfir ungra foreldra. Því verður að huga vel að stuðningi við barnafjölskyldur.



Fjölgun aldraðra mun leiða til mikillar fjölgunar eldra fólks sem býr einsamalt. Sú þróun mun kalla á vöxt ýmiss konar félagslegrar þjónustu við þennan aldurshóp til að viðhalda virkni aldraðra einstaklinga og draga úr einangrun þeirra. Opinber útgjöld vegna þessa málaflokks munu fara vaxandi og mikil eftirspurn verður eftir starfsfólki til að sinna þessari þjónustu.

## 5.6 Málefni innflytjenda

Það liggur ljóst fyrir að viðvarandi þörf verður fyrir erlent starfsfólk á Íslandi, ekki aðeins ósérhæft verkafólk og byggingamenn, eins og raunin hefur verið undanfarin ár, heldur einnig sérhæfða starfsmenn á ýmsum sviðum. Vegna góðra lífskjara og aðstæðna yfirleitt á Íslandi er eftirsóknarvert fyrir marga að starfa á Íslandi. Þessar aðstæður kalla á ákveðna og öflugra stefnu í málefnum útlendinga og aðlögunar þeirra að íslensku samfélagi.

Hóflæg og tiltölulega jöfn fjölgun nýbúa og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi, þ.m.t. öflug íslenskukennsla, eru mikilvægar forsendur fyrir virkri þátttöku þeirra í samfélaginu og blöndun við þá sem fyrir eru. Það er mikilvægt að nýbúar verði ekki einangraður hópur með lakari kjör en almennt gerist. Slíkar aðstæður hafa skapast víða í Evrópu og leitt til félagslegra vandamála og aukinnar glæpatíðni, sem geta valdið andúð á tilteknum hópum og átökum milli þeirra.

Stefna í málefnum innflytjenda þarf að ná lengra en að uppfylla þarfir sem myndast á vinnumarkaði á hverjum tíma. Huga þarf sérstaklega að börnum innflytjenda, stuðla að góðri menntun og bættum atvinnumöguleikum þeirra.

Það þarf því að verja auknum fjármunum til þessa málaflokks á komandi árum, bæði hvað varðar móttöku þeirra sem hingað koma, tungumálakennslu og aðstoð við og hvatningu til þátttöku í samfélaginu.

## 5.7 Lífeyrismál

Vegna uppbyggingar lífeyrissjóða og séreignarlífeyrissparnaðar eru Íslendingar betur í stakk búnir en flestar þjóðir Evrópu þegar kemur að því að kljást við fjárhagslegar afleiðingar hækkandi meðalaldurs. Á vettvangi ESB eru aðildarríkin hvött til þess að byggja upp lífeyrissjóði til að búa í haginn fyrir framtíðina.

Samkvæmt skýrslu SA Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu sem gefin var út 2006 munu íslensku lífeyrissjóðirnir greiða, á núgildandi verðlagi, að meðaltali 190 þúsund krónur í mánaðarlegan lífeyri árið 2040 og ellilífeyrir TR verður 70 þús. kr. að meðaltali miðað við þær reglur sem þá giltu.<sup>4</sup> Samtals eru þessar greiðslur 260 þús. kr. Til samanburðar námu regluleg mánaðarlaun iðnaðarmanna fyrir fullt starf að meðaltali svipaðri fjárhæð árið 2005 en en regluleg laun verkafólks námu 180 þús. kr. það ár. Það fer síðan eftir ávöxtun lífeyrissjóðanna á komandi áratugum hvort hún verður nægileg til þess að halda í við aukningu kaupmáttar launa sem búast má við að eigi sér stað í framtíðinni.

Framreikningurinn byggði á ævilíkum árunum 2001-2004, sem voru þær að við 65 ára aldur lifi konur að meðaltali 20,6 ár og karlar 17,6 ár. Konur verði þannig 84,6 ára og karlar 81,6 ára að meðaltali. Nú spá SA því að árið 2050 muni 5,5 ár hafa bæst við ævilíkur hjá báðum kynjum og að þær verði komnar í rúm 90 ár hjá konum og 87 ár hjá körlum.

4 Í skýrslunni eru þessar fjárhæðir á verðlagi 2004, annars vegar 165 þús. kr. og hins vegar 58 þús. kr.

Fjöldi ára á lífeyri lengist því um tæp 30% og munu skuldbindingar lífeyriskerfisins aukast samsvarandi, en því verður ekki mætt með öðru en hækkun iðgjalda eða niðurskurði réttinda til lífeyris.

Auk lög- og samningsbundins sparnaðar í samtryggingarlífeyrissjóðum hafa landsmenn lagt til hliðar um 3,5% af atvinnutekjum ár hvert í séreignarlífeyrissparnað. Ef sá sparnaður heldur áfram í sama mæli má búast við því að þeir sem hefja töku lífeyris eftir þrjá til fjóra áratugi muni fá greiddar 100.000 kr. mánaðarlega úr séreignarlífeyrissjóði fyrstu tíu árin eftir að lífeyristaka hefst.

Í ljósi þess að Íslendingar eiga flestir sjálfir þær fasteignir sem þeir búa í og ná yfirleitt að greiða upp þær skuldir sem á þeim hvíla á starfsævinni er jafnframt ljóst að ellilífeyrisþegar framtíðarinnar munu eiga miklar eignir. Þeim fjölgar einnig hratt sem tekst að safna öðrum eignum í umtalsverðum mæli. Ellilífeyrisþegar framtíðarinnar verða þannig á heildina litið mjög fjársterkur hópur bæði hvað tekjur og eignir varðar.

Þessi aldurshópur mun gera ríkar kröfur til heilbrigðisþjónustu, umönnunar og félagsþjónustu og mun vilja nota fjármuni sína til þess að auka lífsgæði sín. Á hinn bóginn er fyrirsjáanlegt að þeir sem eru á vinnumarkaði muni ekki vera tilbúnir til þess að greiða háa tekjuskattatilþessaðfjármagnagjaldfrjálsþjónustu fyrir aldraða. Það stefnir því að ellilífeyrisþegar greiði aukinn hlut í þeirri þjónustu sem þeir krefjast á næstu áratugum.

## 5.8 Starfsmannamál fyrirtækja

Velliðan í starfi og vinnuaðstæður hafa sífellt meiri þýðingu og skipta fólk jafnvel meira máli en launin. Áhersla á þessa þætti fer vaxandi með aldri starfsmanna. Fyrir eldri starfsmenn skiptir góð stjórnun, áhugaverð verkefni og góður vinnuandi miklu máli en ekki síður áhersla á heilsufar og viðhald starfshæfni starfsmanna.

Við starfsmannastjórn fyrirtækja er yfirleitt ekki horft til margra ára, hvað þá til margra áratuga. Spurning er hvernig fyrirtæki sem horfa langt fram í tímann geti brugðist við fyrir sjáanlegri þróun. Þau svið sem falla undir framsýna starfsmannastjórn í þessu samhengi eru símenntun starfsmanna, framastjórnun, heilsuvernd og stjórnun á aldursdreifingu starfsmanna.

Rannsóknir bæði austan hafs og vestan leiða í ljós að eldri starfsmenn eru áreiðanlegri, tilbúnari til að vinna óreglulegan vinnutíma og jákvæðari í garð vinnunnar og vinnuveitenda sinna en yngri starfsmenn. Af þeim sökum er ástæðulaust að óttast mismunun í garð eldri starfsmanna, eins og borið hefur á í umræðu, eða óæskileg áhrif svokallaðrar æskudýrkunar.

Ráðning eldri starfsmanna og viðleitni til þess að halda þeim sem lengst við störf getur dregið úr vanda fyrirtækja við að laða að sér hæft starfsfólk. Sú stefna felur í sér aukna fjárfestingu í sí- og endurmenntun starfsmanna og sérstaka áherslu á að viðhalda hæfni þeirra sem komnir eru yfir miðjan aldur.

Fyrirtæki þurfa að búa við sveigjanlegan vinnumarkað til þess að styrkja samkeppnishæfni sína. Sveigjanleikinn felst ekki einungis í frelsi til ráðninga og uppsagna starfsmanna, þótt það séu mikilvæg grundvallaratriði. Sveigjanleikinn felst einnig í að stuðla að árverkni, snerpu og aðlögunarhæfni starfsmanna við breytilegar aðstæður og að þeir viðhaldi

starfshæfni sinni. Forsenda samkeppnishæfni fyrirtækja er að þau rækti mannauð sinn sem felst í því að starfsmenn afli sér þekkingar og hæfni og viðhaldi og þrói eiginleika sína með þekkingaröflun alla starfsævina.

## **5.9 Menntakerfið**

Hægur vöxtur vinnuafis kallar ekki aðeins á lengri starfsævi heldur þarf einnig að fá hæft ungt fólk fyrir inn á vinnumarkaðinn. Aukin samþjöppun náms í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum gæti stuðlað að því.

Samtök atvinnulífsins hafa lagt til að nemendur hefji nám einu ári fyrir í framhaldsskóla og tveimur árum fyrir á háskólastigi. Samhliða því verði hvert skólaár nýtt betur og auknar kröfur gerðar til nemenda og kennara. Með þessu yrði íslenskt menntakerfi gert sambærilegra menntakerfum bæði austan hafs og vestan, tími nemenda betur nýttur og íslenska menntakerfið gert samkeppnishæfara. Breytingum í þessa átt hafa stjórnvöld unnið að en samtök kennara og nemenda verið mótfallin.

Lengri skólaganga ungs fólks í árum talið en gerist meðal annarra ríkja stuðlar ekki að aukinni samkeppnishæfni íslenska þjóðfélagsins. Það fellur ekki að hagsmunum samfélags næstu áratuga að halda ungmennum mun lengur í skóla og frá vinnumarkaði en gengur og gerist meðal annarra sambærilegra ríkja. Í stað þess ber að leggja meiri áherslu á endurmenntun og símenntun alla starfsævina.

## Heimildir

---

Adecco Institute, Waking up to Europe's demographic challenge, 2006

Commission of the European Communities, Commission Communication, The demographic future of Europe – from challenge to opportunity, Brussels 2006

European Commission, The impact of ageing on public expenditure: projections for the EU-25 Member States on pensions, healthcare, long-term care, education and unemployment transfers (2004-2050), European economy, Special report No 1/2006

Friends of Europe, Europe's demographic challenge, Europe's world 2006

Hagstofa Íslands, mannfjöldatölur á vef

OECD, Projecting OECD health and long-term care expenditures, 2006

Samtök atvinnulífsins, Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu, 2006

Samtök atvinnulífsins, Heilbrigður einkarekstur, 2006

SP, World population to 2300, 2004.

SP, World population prospects, the 2006 revision

SP, database, <http://esa.un.org/unpp/index.asp?panel=2>

SP, World Population ageing 1950-2050, 2002



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík

Sími 591 0000 - Fax 591 0050

Netfang [sa@sa.is](mailto:sa@sa.is) - Veffang [www.sa.is](http://www.sa.is)